

GUÐVELKOMNIR, GÓÐIR VINIR! ÚTSKORIN ÍSLENSK HORN

VERKEFNI FYRIR 5. – 8. BEKK



Á Þjóðminjasafni Íslands eru nú til sýnis fjölmörg, útskorin íslensk horn. Í gamla daga voru þessi horn oft notuð til þess að drekka úr og þess vegna voru þau stundum kölluð drykkjarhorn.

Af hvaða dýri heldur þú að hornin séu? _____

Hverjir heldur þú að hafi átt svona horn? _____

Heldurðu að það hafi verið ríkt eða fátækt fólk? _____

Hvort heldur þú að eigendur hornanna hafi verið karlar, konur eða börn?

Af hverju heldur þú það? _____





Útskornu, íslensku hornin voru oft ríkulega skreytt með fallegum myndum og stundum var meira að segja eitthvað skrifað á þau. Það má því með sannni segja að þeir sem skáru þau út hafi verið miklir listamenn en lítið er þó vitað um þessa útskurðarmeistara.

Hverjir heldur þú að hafi gert hornin? _____

Af hverju ætli þeir hafi viljað skreyta hornin með myndum og skrifa á þau?

Enn þann dag í dag finnst fólki gaman að hafa fallega skreytta muni í kringum sig. Margir eiga til dæmis fallega skreytt húsgögn heima hjá sér. Skreyttir munir þurfa ekkert endilega að vera útskornir, það er líka hægt að mála þá, teikna á þá, sauma í þá og ýmislegt fleira.



Eru einhverjir hlutir heima hjá þér sem eru skreyttir? _____

Ef já, hvernig hlutir eru það? _____


Átt þú einhvern hlut sem hefur verið skreyttur? Ef svarið er já, hvernig hlutur er það og hvernig er hann skreyttur? _____

Hefur þú einhvern tímann skreytt hlut sjálf/ur? Ef svarið er já, hvaða hlutur er það og hvernig skreyttir þú hann? _____

Flest hornin sem sýnd eru á Þjóðminjasafninu voru einhvern tímann notuð sem drykkjarhorn og mætti því eiginlega segja að þau séu eins konar glös þess tíma. Átt þú ekki, eða hefur einhvern tímann átt, glas sem skreytt er með myndum? Hvernig myndir eru það?




Ef þú ættir drykkjarhorn og ætlaðir að skreyta það með myndum, hvernig myndir þú skreyta það? Skreyttu hornið hér að neðan.





Útskornu íslensku hornin eru þó ekki aðeins skreytt myndum heldur hefur útskurðarmeistarinn í sumum tilfellum einnig skorið út stafi í hornið. Stundum standa þar til dæmis ártöl, nöfn eða vísur. Hvað myndir þú skrifa í hornið þitt ef þú værir að skera út stafi í drykkjarhorn? Skrifaðu það í hornið hér að neðan og vandaðu þig eins og þú getur.



Á sumum drykkjarhornunum sem sjá má á Þjóðminjasafninu eru þó alls ekki venjulegir stafir heldur svokallað *höfðaletur*. Höfðaletur er séríslenskt letur sem er mjög dularfullt vegna þess að það er svo erfitt að lesa úr því. En þó að það sé erfitt er það samt hægt ef maður æfir sig í að skilja stafina. Það má því eiginlega segja að höfðaletrið sé hálfgerð dulmálsletur. Af hverju ætli útskurðarmeistararnir hafi haft þetta dularfulla letur á drykkjarhornunum sínum? _____




Það eru til margar mismunandi útgáfur af höfðaletri. Hér getur þú séð hvernig stafrófið er með einni gerð höfðaleturs:



Prófaðu að skrifa nafnið þitt með höfðaletri.
Athugaðu að það er ekkert J, þannig að ef þú
þarft að nota stafinn J verður þú að nota
stafinn I í staðinn. Það eru heldur engir stafir
með kómmum þannig að ef þú vilt getur þú
bætt kómmum yfir þá stafi þar sem það á við.




Getur þú lesið það sem stendur með höfðaletri hér að neðan?



Hvað stendur? _____

Fannst þér erfitt að lesa setninguna? _____

Veldu þér nú eitt horn af sýningunni og skoðaðu það vel. Skrifaðu litla sögu um hornið þar sem þú ímyndar þér til dæmis hver hafi átt það, hvar sú manneskja hefur búið og hvernig hornið hafi verið notað. Hefur þetta horn einhvern tímann lent í einhverjum ævintýrum? Þú getur myndskreytt söguna þína hér að neðan ef þú vilt.





A series of 25 horizontal lines for writing, spaced evenly down the page.